

Tillaga A 1969/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um að setja sameiginlegar norrænar reglur um framleiðendaábyrgð á vefnaðarvöru (A 1969/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að setja sameiginlegar norrænar reglur um framleiðendaábyrgð á vefnaðarvöru sem væntanlega verður skylt að lokinni endurskoðun rammatilskipunar Evrópusambandsins um úrgang, til að:

tryggja að þeir sem valda mengun greiði

tryggja að ábyrgð framleiðenda fylgi úrgangsmetakerfinu og hafi sem helsta markmið að draga úr magni

tryggja norrænum vefnaðarvöruframleiðendum sanngjörn samkeppnisskilyrði með því að sjá til þess að fatainnflutningur einstaklinga gegnum netið falli einnig undir framleiðendaábyrgð

norrænar reglur um framleiðendaábyrgð feli í sér kröfur um aukið gagnsæi í upplýsingagjöf, auk þess sem Norðurlönd þurfa að koma sér upp sameiginlegri rafrænni skrá. Með því væri dregið úr hættunni á að sneitt sé hjá ábyrgð með netverslun.

stuðla að hreinsun úrgangs sem þegar hefur verið fluttur út til þróunarlanda með nýjum fjármögnunarleiðum

tryggja að litlir markaðir Norðurlandanna geti í sameiningu átt meiri þátt í því að gera vefnaðarvöruviðnaðinn sjálfbærari

miða endurgreiðslur í reglugerðum um ábyrgð vefnaðarvöruframleiðenda við fjölda eininga fremur en þyngd til að tryggja betri kjör fyrir þyngri en sjálfbærari efni á borð við ull og leður sem framleidd eru á Norðurlöndum og lakari kjör fyrir léttari trefjaefni úr plasti á borð við nælon, pólýester og akríl,

efna til samstarfs við styrkjakerfi á þessu sviði í Evrópusambandinu til að örva nýsköpun á sviði tæknilegra og stafrænna lausna sem stutt geta við ofangreind atriði.



Bakgrunnur

Einnotasamfélagið er ósjálfbært bæði með tilliti til umhverfis, loftlags og efnahags. Sameinuðu þjóðirnar hafa nefnt textíliðnaðinn sem einn ósjálfbærasta iðnað heims. Þessi iðnaður gengur mikið á auðlindir, losar mikið af kolefnum og mikið af vatni, orku og landi. Tísku- og textíliðnaðurinn er um leið hnattvæddur iðnaður sem ber ábyrgð á allt að 8-10% af nettólosun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.¹ Þá tvöfaldaðist framleiðsla vefnaðarvara á heimsvísu frá árinu 2000 til 2015 og áætlað er að hún aukist til ársins 2050.²

Samkvæmt Norrænu ráðherranefndinni er ársnotkun Norðurlandabúa á vefnaðarvörum yfir meðallagi í heiminum. Greining sem Norræna ráðherranefndin birti árið 2014 sýndi að ársnotkun nýrra klæða og heimilisvefnaðarvara á hvern íbúa á Norðurlöndum var á milli 13,5 og 16 kg. Þetta samsvarar milli 26 og 48 flíkum á hvern íbúa á ári.

Mikil aukning vefnaðarvara er að miklu leyti byggð á gerviefnum sem samkvæmt umhverfisáætlun SP hafa aukist úr um 20% af alþjóðlegri framleiðslu textílefna í 62% síðustu 20 ár. Þessi efni eru framleidd með jarðefnaeldsneyti og þessi þróun eykur því notkun ósjálfbærra auðlinda og losun sem hefur áhrif á umhverfið.

Auk þess eru margar flíkur ekki fullnýttar. Fjöldi skipta sem flíkur eru notaðar minnkaði á tímabilinu 2000 til 2015 á meðan sala á fötum jókst. Um leið er miklu magni klæða fleygt. Sagt er að ódýrum flíkum sé fleygt eftir notkun í aðeins sjö eða átta skipti.³ Samkvæmt Evrópuþinginu fleygja Evrópubúar um 11 kílóum af vefnaðarvörum á ári hverju og minna en 1% af fötum eru endurnýtt í ný föt á heimsvísu.

Óháð því mikla magni vefnaðarvara sem fleygt er eftir notkun hefur á síðustu árum verið varpað ljósi á brennslu óseldra og skilaðra vara.⁴ Með væntanlegri reglugerð um umhverfisvæna hönnun sjálfbærra vara verður gerð krafa um sjálfbærni sem felur í sér að stórfyrirtæki þurfa að gefa upp opinberlega hve mörgum vörum þau farga og hvernig endurvinnsla er háttáð hjá þeim.⁵ Enn fremur hefur verið greint frá því að mikið magn fatnaðar er sendur frá hátekjulanda í Evrópu til lágtekjulanda utan ESB, þar sem hann hafnar í landfyllingum.⁶ Samkvæmt Umhverfisstofnun Evrópu hefur útflutningur vefnaðarúrgangs til landa utan ESB aukist og náði hann 1,7 milljónum tonna árið 2019. Því miður er aðeins lítil hluti þess fatnaðar sem gefinn eru til endurnotkunar í raun endurnotaður á Norðurlöndum.⁷

¹ Ellen MacArthur Foundation 2017 og McKinsey Sustainability 2020

² UNEP 2020

³ McKinsey Sustainability 2016

⁴ Sjá til dæmis Pedersen og Ebbesen 2020, Samfunnsökonomisk Analyse 2022, Umhverfisstofnun Evrópu 2023.

⁵ Áætlun ESB um sjálfbærar vefnaðarvörur og hringrásarhagkerfi þeirra (mars 2023)

⁶ Sjá til dæmis Changing Markets 2023, OR Foundation 2023, EES 2023.

⁷ Palm o.fl. 2019 „[Mapping Sustainable Textile Initiatives in the Nordic Countries](https://norden.org/)“ (norden.org)



Framleiðendaábyrgð fyrir vefnaðarvörur hefur verið varpað upp sem lausn á þessum vanda. Í vefnaðarvöruáætlun ESB er lagt til að ábyrgð framleiðanda verði skyldug í öllum löndum ESB og EES. Tilskipun um ábyrgð framleiðanda þarf að hafa það markmið að draga úr því mikla magni fatnaðar sem er framleitt, eyðilagt og flutt út af svæðinu. Norræn framleiðendaábyrgð þarf að byggjast á úrgangsmetakerfinu og meginreglunni um að mengunarvaldar greiði.

Upplýsingar um samningaviðræður um endurskoðun tilskipunar Evrópusambandsins um úrgang má finna hér: [Waste framework directive: A more sustainable use of natural resources \(europa.eu\)](https://europea.eu/waste-framework-directive)

Með því að sameinast um sameiginleg viðmið fyrir framleiðendaábyrgð á vefnaðarvöru sköpum við betri skilyrði fyrir hringrásarnotkun vefnaðarvara sem eru markaðssettar á Norðurlöndum. Minnka má samanlögð umhverfisáhrif með sameiginlegum metnaðarfullum markmiðum fyrir ábyrgð framleiðenda. Auk þess munum við geta stutt sjálfbæra framleiðslu vandaðra vefnaðarvara á Norðurlöndum. Einnig verður í boði fjármögnun fyrir þróun mögulegra tæknilegra og stafrænna lausna úr Lífeprogram-áætlun ESB.⁸

Þetta mun einnig efla norræna framkvæmdaáætlun um sjálfbæran, norrænan tískuiðnað. Framkvæmdaáætlunin hefur skilgreint markmið um að tíska og textíll verði hluti af hringrásarhagkerfi fyrir árið 2050 þar sem endingartími varanna er lengdur og textílefni haldast innan lokaðrar hringrásar og eru notuð aftur og aftur. Slíkt hefði jákvæð áhrif á loftslag, umhverfi og efnahag og væri í samræmi við markaðssetningu Norðurlanda sem hreins, græns og nútímalegs svæðis.

Norðurlönd hafa lengi haft með sér samstarf á sviði vefnaðarvöru. Þar má m.a. nefna Norræna vefnaðarvörusamstarfið [The Nordic Textile Collaboration - Miljøstyrelsen \(mst.dk\)](https://www.mst.dk), sem hefur það markmið að minnka ónauðsynlega notkun, lengja endingartíma vefnaðarvara, breiða út hringrásarhagkerfi, stuðla að stafrænni væðingu og rekjanleika í tísku- og vefnaðarvöruíðnaði og efla söfnun, flokkun, endurnotkun og endurvinnslu vefnaðarvara. Markmið samstarfsins er að:

- kortleggja núverandi aðgerðir í norrænu löndunum, sem svo mun leiða til tillagna að aðgerðum. Sjá skýrsluna [Mapping Sustainable Textile Initiatives in the Nordic Countries \(norden.org\)](https://www.norden.org)
- koma á samningi með frjálsri þátttöku fyrirtækja í tísku- og vefnaðarvörugreinum á Norðurlöndum, með það fyrir augum að koma tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- Að endingu munu fulltrúar norræna stofnana útbúa samantektarskýrslu.

⁸ Áætlun ESB um sjálfbærar vefnaðarvörur og hringrásarhagkerfi þeirra (mars 2023)



Undir hatti Norræna vefnaðarvörusamstarfsins hefur danska umhverfisstofnunin ásamt finnsku, sænsku og norsku umhverfisstofnunum hafið samstarfsverkefni um vefnaðarvörur sem fjármagnað er af Norrænu ráðherranefndinni. Verkefnið á að stuðla að því að minnka ónauðsynlega notkun fatnaðar og vefnaðarvara, lengja endingartíma vefnaðarvara, stuðla að hringrásarhakerfi í norrænum tísku- og vefnaðarvöruviðnaði og efla söfnun, flokkun, endurnotkun og endurvinnslu vefnaðarvara.

Í ljósi kortlagningar á fyrirbyggjandi aðgerðum á Norðurlöndum hefur stýrihópur Norræna vefnaðarvörusamstarfsins valið að innleiða eftirfarandi aðgerðir árin 2023-2024:

- Active textile society færir fyrirtæki og fólk á Norðurlöndum saman í sameiginlegum aðgerðum til að afnema hindranir sem standa í vegi fyrir upptöku hringrásarhagkerfis í vefnaðarvöruviðnaði. Markmiðið er að lengja endingartíma vefnaðarvara, stuðla að aukinni notkun hringrásarlausna og breyta hegðun neytenda.
- Sharing Nordic circular competences, sem hefur það markmið að stuðla að þekkingarmiðlun og þróun hringrásarhagkerfa í allri virðiskeðjunni með vefyrirlestrum og vinnustofum.
- EU & Textile coffee breaks, sem býður upp á vefyrirlestra sem vekja athygli á aðgerðum ESB, þar á meðal áætlun ESB um sjálfværar vefnaðarvörur.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræn vinstri græn styðja tillöguna og lögðu áherslu á að margar góðar ástæður eru fyrir því að vinna áfram með tillöguna og vísaði til þess að Norðurlönd hafa í áráraðir verið í fararbroddi á þessu sviði.

Norrænt frelsi er sammála því að Norðurlönd geti gert enn betur. Flokkahópur jafnaðarmanna og flokkahópur jafnaðarmanna styðja tillöguna og lögðu áherslu á mikilvægi þess að Norðurlönd verði áfram í fararbroddi á þessu sviði og gefi önnur lönd heims innblástur.

Nefndin veitir athygli mörgum norrænum verkefnum, reynslu og þekkingu sem þessi tilmæli yrðu jákvæð viðbót við og styður tillöguna.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Tove Elise Madland (A)
Johan Andersson (S)
Malin Larsson (S)
Åsa Karlsson (S)
Ola Elvestuen (V)
Anna Falkenberg (Sb)

Krista Mikkonen (gröna)
Heikki Autto (saml)
Teitur Björn Einarsson (Sj.)
Mariane Paviaasen (IA)
Lotta Johnsson Fornarve (L)
Anna-Lena Hedberg (SD)



Emma Berginger (MP)

Staffan Eklöf (SD)